

Berghella 1 – Efnamóttakan. 1706162


Efnamóttakan hf. sækir 12.6.2017 um stöðuleyfi fyrir gámatjald. Gögn bárust með umsókn, sem lýsa gerð og staðsetningu. Tjaldi er ætlað að draga úr mengunarhættu og mæta kröfum umhverfisyfirvalda. Umsækjandi vill láta á það reyna hvort tjaldlausnin hentar.

Eigandi lóðar er Gámakó hf.

Tímabil stöðuleyfis er tímabundið (hámark 12 mán.). Tjaldhýsið verði boltað niður í malbik. Fyrirhuguð staðsetning er við lóðarmörk á austanverðri lóðinni, nálægt húsnæði Efnamóttökunnar. Tjald verði 12 x 12 m að grunnfleti, hæð er ekki tilgreind en virðist vera innan marka leyfilegrar mænishæðar skv. gildandi deiliskipulagi. Staðsetning er utan byggingarreits lóðarinnar.



Lóð Berghellu 1



Staðsetning tjalds

Umsögn: Mælst er til þess að tjald verði staðsett innan leyfilegs byggingarreits.

28.06.2017

Guðrún Guðmundsdóttir
arkitekt faí, skipulagsfræðingur fsffí
Umhverfis- og skipulagsþjónusta Hafnarfjarðar